

4

23. jan.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1933.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

5

24. jan.

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og frú Jóhönnu Kristínar Þorleifsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 24. janúar 1933. Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir **Minningarsjóð Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og frú Jóhönnu Kristínar Þorleifsdóttur.**

1. gr.

Vér undirskrifuð systkin, börn Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og konu hans, Jóhönnu Kr. Þorleifsdóttur, höfum lagt í Söfnunarsjóð Íslands 2584 — tvö þúsund fimm hundruð áttatíu og fjórar — krónur 96 aura. Stóð upphæð þessi í Söfnunarsjóði í ársbyrjun 1927, og skal standa þar um aldur og æfi.

Við höfuðstólinn skal auk gjafa, er sjóðnum kunna að áskotnast, árlega leggja þriðjung ársvaxta, en tveir þriðjungar vaxtanna skulu árlega vera til reiðu fyrir stjórn sjóðsins, til ráðstöfunar samkvæmt því, er síðar segir.

2. gr.

Vér systkin höfum ein á höndum stjórn sjóðsins, meðan þrjú eða fleiri af oss lifa.

Þegar þrjú af oss eru látin, kýs Verzlunarráð Íslands einn mann í stjórn sjóðsins. Þegar fjögur eru látin, kýs stjórn Kvennaskóla Reykjavíkur annan mann í stjórnina. Og þegar vér öll erum látin, gengur elzti niður foreldra vorra í stjórnina. Er stjórnin þá fullskipuð og til frambúðar, enda sé hún heimilisföst í Reykjavík.

Nú verður stjórn sjóðsins ekki skipuð á þann hátt, sem hér segir, af því að enginn sjálfkjörinn maður er til í stjórnina, eða af því að önnurhvor kjörstofnunin fellur niður eða báðar, og skipar þá æðsta stjórnarvald skólamála

mann í stjórnina í stað þess, er sjálfkjörinn skyldi vera, en hlutast til um að lík stofnun þeirri, er niður hefir fallið, kjósi mann í hennar stað. **5**

24. jan.

Enginn getur tekið eða átt sæti í stjórn sjóðsins nema hann sé maður lög-  
ráður, ráðdeildarsamur og ráðvundur.

## 3. gr.

Þeim hluta ársvaxta höfuðstólsins, sem stjórn sjóðsins árlega má ráðstafa, skal verja til að styrkja efnilegan pilt til verzlunarnáms og efnilega stúlku til húsfréjunnáms, sinn nemandann hvort árið.

Skulu afkomendur foreldra vorra að öðru jöfnu ganga fyrir styrk úr sjóðnum.

Styrkurinn er veittur af ráðstöfunarfrjálsum vöxtum undanfarins árs.

Nú sækir nemandi, sem á örðugt uppdráttar, fyrir 10. desember um styrk úr sjóðnum, og lætur umsókninni fylgja meðmæli skólustjóra síns um góðar framfarir, samvirkusemi og táp, og eftir atvikum fjárhagsvottorð kunnugs manns, og verður umsækjanda þá veittur styrkur úr sjóðnum 16. desember, pilti og stúlku á vixl, samkv. 1. mgr. greinar þessarar.

## 4. gr.

Stjórnin semur árlega reikning sjóðsins.

## 5. gr.

Skipulagsskrá sjóðsins frá 15. apríl 1927 er úr gildi fallin.

Staðfestingar konungs skal leita á skipulagsskrá þessari og breytingum þeim, er síðar kynnu á henni að verða.

Reykjavík, 24. janúar 1933.

Lárus H. Bjarnason.      Þ. H. Bjarnason.      B. H. Bjarnason.  
Ingibjörg H. Bjarnason.      Ágúst H. Bjarnason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Gjafasjóð Hans Ellefsens hval-  
veiðamanns frá 1896“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmála- **6**  
ráðherra, 11. febrúar 1933. Skipulagsskráin er þannig: **11. febr.**

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir gjafasjóð Hans Ellefsens hvalveiðamanns frá 1896.

## 1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með gjafabréfi Hans Ellefsens hvalveiðamanns, dagsettu 11. marz 1896, og var upprunalega upphæð hans 1500 kr. Sjóðurinn heitir: „Gjafasjóður Hans Ellefsens hvalveiðamanns frá 1896“.